

Garðabær
Sólveig H. Jóhannsdóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 17.2.2022
UST202202-087/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og deiliskipulag - Arnarland

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og nýs deiliskipulags blandaðrar byggðar í landi Arnarlands.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að um 9 ha lands verði breytt úr verslun og þjónusta (Vþ) í miðsvæði (M) fyrir blandaða byggð atvinnu, skrifstofa og íbúða. Auk þess kemur fram að í nýju deiliskipulagi er áhersla lögð á uppbyggingu heilsubyggðar, heilsutengda starfsemi þekkingarfyrirtækja og aðra heilsutengda þjónustu, verslun og almenna þjónustu fyrir íbúa og gesti. Gert er ráð fyrir blandaða og græna byggð, vistvænum samgöngum og sérstaklega verður horft til umhverfisvænna lausna með sjálfbærni að leiðarljós.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur